6. gr. 12
4. júní

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 29, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG 13
4. júní

um

mælitæki og vogaráhöld.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

13
4. júní

2. gr.

Löggildingu mælitækja og vogaráhalda hafa á hendi lögreglustjórar í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, samkvæmt nánari ákvæðum, sem felast í lögum þessum og sett verða í konunglegri tilskipun um mælitæki og vogaráhöld. Löggildingin fer fram á þann hátt, að stimplað er á tækin löggildingarmerki, er sje stórt C með X innan í og kórónu yfir, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram og af hvaða lögreglustjóra hún sje framkvæmd.

3. gr.

Mælitæki og vogaráhöld, sem flutt eru til landsins frá útlöndum til notkunar þeirrar, sem ræðir um í 1. gr., skal löggilda, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., áður byrjað sje að nota þau, enda sje gerð þeirra slík, að fullnægi ákvæðum konungstilskipunar þeirrar, er um ræðir í 2. gr.

4. gr.

Heimilt er hverjum þeim, sem mælitæki eða vogaráhöld þarf að nota, að kaupa þau hvar sem best þykir, enda sje gætt fyrirmæla laga þessara um gerð þeirra og löggildingu.

5. gr.

Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupfjelög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin sjeu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slíkra tækja. Þeir geta fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrirmælum laga þessara.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. Skulu hreppstjórar gefa skýrslu um þessa skoðun til sýslumanna, en sýslumenn og lögreglustjórar til stjórnarráðsins.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið annast um, að lögreglustjórar hafi jafnan rjett tæki til að reyna mælitæki og vogaráhöld, er löggilt skulu vera, og skulu fyrirmyndir slíkra tækja geymdar í vörslum þess.

6. gr.

Nú reynist vogaráhald eða mælitæki skakt eða ónákvæmt við skoðun samkv. 5. gr., eða slíkt kemur í ljós á annan hátt, og er þá óheimilt að nota áhaldið eða tækið fyr en viðgerð hefir farið fram á því og áhaldið eða tækið verið löggilt að nýju af einhverjum þeirra lögreglustjóra, sem löggildingu hafa á hendi. Notendur mega hvorki sjálfir nje með aðstoð annara breyta löggiltum tækjum nje gera við þau, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

7. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt og hvort tækin í raun og veru sjeu rjett, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf.

8. gr.

Lögreglustjórum ber engin sjerstök borgun fyrir hið almenna eftirlit eftir þessum lögum. Fyrir hina almennu skoðun samkv. 5. gr. skal ríkissjóður greiða lögreglustjórum í kaupstöðum útlagðan kostnað þeirra eftir sanngjörnum reikningi, en um greiðslur til hreppstjóra fer eftir 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917.

Fyrir löggildingu ber lögreglustjórum borgun frá eigendum tækjanna, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur.

9. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum til ríkissjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 78, 14. nóv. 1917, um mælitæki og vogaráhöld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.